

**Ed.**

## **342. Frumvarp til laga**

um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjóttjóns, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

### **2. gr.**

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns skal hafa íslenzkan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands.
3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun sjóttjóns hjá innlendum eða erlendum löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóns eigi skemur en í eitt ár.
5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða vátryggingarfélögum.

### **3. gr.**

Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjóttjóns samvizkusamlega af hendi.

### **4. gr.**

Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna.

Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjóttjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfsvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna.

### **5. gr.**

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjóttjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn.

### **6. gr.**

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjóttjóns.

### **7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.